

# **Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótsdalshreppi**

## **1. gr.**

### **Almennt**

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 4/1995 m.s.br. og 7 gr. reglug. nr. 1160/2005 er sveitarstjórnunum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta.

Sveitarstjórnunum er skylt að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

## **2. gr.**

### **Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni.**

Forsvarsmenn menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tólmundarstarfsemi og mannúðarstarfa geta sótt um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaganna. Forsenda þess að styrkur verði veittur er að starfsemi viðkomandi félaga sé ekki rekin í ágóðaskyni. Umsóknunum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi viðkomandi félaga skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. mars ár hvert.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu á grundvelli ofangreindra forsenda.

## **3. gr.**

### **Elli- og örorkulífeyrisþegar.**

Fasteignaskattur af samþykktu íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, er felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, samkvæmt eftirfarandi reglum:

Rétt til niðurfellingar eiga íbúðareigendur í Fljótsdalshreppi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær niðurfelldan fasteignaskatt af eigin íbúðarhúsnæði sem þau eiga lögheimili í, þó svo einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði aldurs- og/eða örorkumarka.

## **4.gr.**

### **Bújarðir og útihús**

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar af bújörðum eða útihúsum.

## **5. gr.**

### **Friðuð hús**

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum þeirra. Skilyrði er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur. Umsóknunum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 1. mars ár hvert.

Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn.

**Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 06.02 2007 og taka þegar gildi.**

*Samþykktar óbreyttar reglur fyrir 2019 á fundi sveitarstjórnar 06.11 2018*